

## Fundargerð

Fundur í skólanefnd 6. september 2018

Mætt eru; Helga Kristín Björgólfsdóttir, Viktor Elvar Viktorsson, Ellert Jón Björnsson, Guðjón Snær formaður NFFA, Ágústa Elín skólameistari FVA, Þórdís Þórisdóttir, Sigurgeir Sveinsson fulltrúi kennara, Guðrún Lind fjármálastjóri FVA, sem ritar fundargerð.

Fundurinn hófst á því að Pétur Óðinsson, umsjónarmaður húsnæðis FVA og ábyrgðarmaður innkaupa fór með skólanefndina í göngutúr um skólann og sýndi þeim skólahúsnæðið og aðstöðuna sem þar er, en talsverð endurnýjun hefur verið á búnaði og húsgögnum sl. tvö ár.

Ágústa fer yfir nemendatölur. Í upphafi haustannar eru nemendur FVA 532, þar af eru 93 í námi með vinnu (27 eru í húsasmíði, 1 í húsgagnasmíði, 35 á sjúkraliðabraut og 30 í vélvirkjun). Nýinritaðir nemendur sem koma beint úr grunnskóla og eru fæddir 2002 eða síðar eru 118 talsins en nýinritaðir nepar á „framhaldsskólaaldri“, fæddir 1999-2002 eru 133. (121 eru nýnepar og 12 endurinritaður). Mest aðsókn var á bóknámsbrautir eins og verið hefur, flestir innritast á náttúrufræðabraut eða 34, 28 á opna stúdentsbraut og 20 á félagsfræðabraut, biðlisti var á rafiðngreinabraut og ekki var hægt að taka við öllum þeim nemendum sem sóttu um nám á þeirri braut.

Á afreksíþróttasviðið hafa 18 nýnepar skráð sig en í heildina verða 42 nemendur á sviðinu. Langflestir eru í knattspyrnunni, eða um 33 talsins. Aðrir skiptast á badminton, fimleika, keilu, klifur og sund.

Skólahúsnæði FVA er rúmt og skólinn gæti hýst þó nokkuð fleiri nemendur með góðu móti.

Þar sem um er að ræða fyrsta fund nýrrar skólanefndar þá voru almennar umræður um ýmislegt sem tengist skólanum. Þar ber helst að nefna afreksíþróttasvið FVA, Guðjón Snær sagði frá félagslífi og þeim viðburðum og breytingum sem hafa átt sér stað þar t.a.m nýbreytni í nýnemaviku, vel heppnaðri nýnemaferð og góðri kjörsókn í skuggakosningum. Einnig lagði hann til að stjórnendur legðu að kennurum að nýta tölvur meira í kennslu og að þeir settu gögn inn á Innu (kennslukerfi) í meira mæli.

Ágústa fór yfir breytingar á starfsmannahaldi skólans á haustönn.

Sigríður Hrefna Jónsdóttir hefur verið ráðin sem gæða- og mannauðsstjóri. Það eru ansi stór verkefni framundan tengd skjala- og málakerfi, jafnlaunavottun, persónuverndarlögum o.fl. sem Sigríður mun m.a. verða með á sinni könnu.

Ýmislegt annað var rætt m.a. fjármál, stofnanasamningar, vinnumat, símanotkun í tímum o.fl.

Lagt til að næsti fundur verði í október og að hann hefjist á því að nefndin velji sér formann, fyrir þann tíma munu kennarar kjósa sér nýjan fulltrúa í nefndinni.

Ágústa ætlar að senda reglugerð um skólanefnd til aðila skólanefndar.